



MYND2LF05

Kennsluáætlun – Vorönn 2019

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur verkefni í litufræði, litahring, blöndun út í svart og hvítt, grátónaskala og blöndun andstæðra lita út í jarðliti. Byrja að æfa myndbyggingu með uppsetningu þessara verkefna og halda síðan áfram með tvívíða, abstrakt myndbyggingu út frá litufræðinni. Gera æfingar til að ná fram þrívídd með litablöndun og fjarvídd með landslagsmyndbyggingu á raunsæjan hátt. Nemendur nýta sér síðan áðurgreind verkefni til að vinna mynd þar sem allir þættir myndbyggingar og litasamsetning koma saman í heildstætt verk eða seríu verka. Nemendum er kynntur munurinn á litakerfunum þremur (cmy k, rgb, listmálun). Öll verkefni eru máluð með þekjulitum og í litufræðinni er afgangur litaprufa unnin í klippimynd.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- litufræði myndlistar svo sem frumlitum, samsettum litum, andstæðum litum, jarðlitum, köldum og heitum litum
- áhrifum þeirra eftir því með hvaða litum þeir standa
- að stefna línu og uppbygging og röðun forma sem og tegund forma skapa ákveðna tilfinningu í myndverkum s.s. jafnvægi, ró, óróa, stöðugleika eða festu
- myndbyggingu með tvívíðum formum svo sem með reglubundnu munstri eða abstrakt óreiðu
- raunsæi í fjarvíddarlandslagi og þrívíddarlitablöndun
- hvernig hann getur nýtt sér framangreint til eigin myndsköpunar

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- blanda 12 litahringinn.
- blanda liti út frá frumlitum og samsettum litum í jarðliti með svörtum og andstæðulit og pastelliti með hvítum
- blanda liti í kalda liti og heita liti og nota grátónakalann.
- geta unnið ólíkar myndir, bæði abstrakt og raunsætt, út frá fyrirfram gefnum litum, blöndun þeirra og myndbyggingu sem gefa til kynna ákveðin hugtök og kalla fram ákveðnar tilfinningar

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ná fram hvaða lit sem þarf með aðeins frumlitina og svartan og hvítan að vopni.
- geta unnið hvort heldur raunsætt eða abstrakt.
- ná fram ákveðinni tilfinningu í myndverki með því að beita línunum, formum og litum á meðvitaðan hátt.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlög, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Nemendur þurfa sjálfir að leggja til teikniblyanta, strokleður og teiknipenna.
- Nemendur fá í hendur pappír og þekjuliti gegn greiðslu efnisgjalda.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi litaprufur, skapalón og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allar skissur.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- | | |
|----------------------|-----------|
| • Mappa (5%) | jan. |
| • Litafræði (30%) | jan. feb. |
| • Klippimynd (10%) | feb. mars |
| • Form (5%) | mars |
| • Myndbygging (40%) | mars apr. |
| • Lokaverkefni (10%) | apr. maí |

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

